

Ný textasýn og Vinnulisti - Óklárað hjá mér.

Staðfesta óstaðfest eyðublað Saga 2018.2

Ef eyðublaði er breytt í nýrri textasýn er nú hægt að staðfesta blaðið um leið og það er vistað með því að haka við „Staðfesta eyðublaðið eftir vistun“ í breytingaglugganum.

Athugið að eins og staðan er í dag þá er einungis hægt að breyta og staðfesta eyðublaðið (or) dagnóta #14. Stilligildi nr. **6300** er sjálfkrafa óvirkt og þurfa kerfisstjórar að virkja það ef þeir vilja að notendur geti breytt dagnótu í textasýn eða vinnulista.

Breyta

Nóta

Komunóta:
Þetta er prufa
Ég ætla að breyta þessu blaði og staðfesta það svo.

Staðfesta eyðublaðið eftir vistun

Vista

Hætta við

Notandi getur einnig staðfest önnur eyðublað í Nýrri textasýn og í Vinnulistanum – Óklárað hjá mér, að því gefnu að innskráður notandi hafi skrifréttindi að deildinni sem blaðið tilheyrir.

Í Nýrri textasýn lítur þetta svona út. Notandi smellir á „Staðfesta“ til þess að staðfesta eyðublaðið.

10.07.2018 [Samskiptaseðill \[Óstaðfest gögn \]](#) Staðfesta

Guðrún Sigríður Jóhannesdóttir, Þjónustustjóri, Almennar lyflækningar

Greiningar: Lungnabólga, J18.9, Ný episóða - Nei

Úrlausnir:
 Vottorð - tryggingafélag v líf- eða slysatryggingar, 1 klst., HWTL1
 Vottorð - lögmenn v sjúkdóma eða slysa, 1 klst., HWTL2
 Vottorð - tryggingafélag v sjúkdóma eða slysa, 1 klst. og 20 mín., HWTL2
 Vottorð - færni- og heilsumatsnefnd, 20 mín., HWFH1

Notandi fær þá spurningu: Viltu staðfesta blaðið og velur Já eða Nei.

Saga

?

Staðfesta

Viltu staðfesta eyðublaðið?

Já

Nei

Í Vinnulistanum – Óklárað hjá mér birtist þetta svona. Notandi smellir á „Staðfesta“ og Saga spyr hvort hann vilji staðfesta eyðublaðið.

Óklárað hjá mér Óklárað sent frá mér Óklárað Klárað af mér Klárað Beiðnir

Dagsetning	Kennitala	Sjúklingur	Eyðublað	Síðast í umsjón	Undirskriftardagur	Frfr...	Deild (flokkun samskipta)
16.02.2018 13:30	280180-3309	Ása Björk Antoníusdóttir	(or) Læknabréf		16.02.2018		Bráða- og slysadeild
16.02.2018 13:30	280180-3309	Ása Björk Antoníusdóttir	Læknabréf		16.02.2018		Bráða- og slysadeild
08.01.2018 00:00	190304-3410	Ásdís Hjálmeis Jóhannsdóttir	Samskiptaseðill hjúkrunar		08.01.2018		Göngudeild geðdeildar - Ksp
08.01.2018 00:00	190304-3410	Ásdís Hjálmeis Jóhannsdóttir	(or) Hjúkrunarbréf		08.01.2018		Göngudeild geðdeildar - Ksp
09.02.2012 12:54	190682-5095	Þritta Magdaléna Ágústsdóttir	Beiðni um speglun		30.04.2014		Kvennadeild
09.02.2012 12:54	190682-5095	Þritta Magdaléna Ágústsdóttir	Samskiptaseðill hjúkrunar		02.12.2014		Kvennadeild
12.01.2018 11:08	211086-2548	Þryggja Ólafsson	Samskiptaseðill		12.01.2018		Bráða- og slysadeild

08.01.2018 (or) Hjúkrunarbréf [Óstaðfest gögn] Staðfesta

Gulfrun Sigríður Jóhannsdóttir, Hjónasta, Almennar lyflækingar

Viðtakandi: [Ekki skráð]

Opna blað Prenta Samskipti Ferilsaga blaðs Samþykking **Staðfesta**

Athugið að þessi virkni er í þróun og því er ekki öll virkni fullkláruð. Sum eyðublöð er t.d. ekki hægt að staðfesta með þessum nýja hnappi hvorki í Nýrri textasýn né í Vinnulista. Það eru ákveðin eyðublöð sem eru háð tilteknum skilyrðum, t.d. að það á e.t.v. eftir að fylla út einhver atriði í þau. Ef notandi lendir í því að ekki tekst að staðfesta blað með nýja hnappinum þá ráðleggjum við notanda að velja að „Staðfesta“ í horninu niðri hægra megin í Vinnulistanum – Óklárað hjá mér. Þá birtast rétt skilaboð til notanda um það af hverju ekki er hægt að staðfesta.

Með kveðju

TMS - Heilbrigðislausnir